

Skotfélagið Markviss

Aðalfundur 2023



**Skýrsla
Stjórnar &
Nefnda
2023**

Stiklað á stóru.

Í dag er komið rennandi neysluhæft vatn á svæðið, heitt og kallt.

Lands og Íslandsmót í Nordisk Trapp voru haldinn að vori og hausti, ekki náðist að halda AC Open um Húnavöku sökum dræmrar þáttöku, fyrsta BR50 ríffilmíótið var haldið ásamt móti í “grófri” og “sport” skammbyssu og svo Rjúpnafjórið í byrjun vetrar.

Svæðið var sem fyrr afar vel sótt og klarlega eitt fjölsóttasta skotsvæði landsins, og örugglega skotnar um 20 þús dúfur, en samt vantar örugglega eh talsvert í bækur þar sem menn eru ekki alltaf nógu duglegir að kvitta fyrir komu sína.

Að venju kom waleski þjálfarinn Paul Gerwyn Morris til okkar og tók NT keppnisfólkið okkar í 3 daga stífar æfingabúðir sem skilaði klárlega góðum árangri, en það lagði svo land undir fót og keppti á norðurlandamóti í NT í Danmörku síðasta haust og voru þau félagi og landi til sóma.

Keypt var veðurstöð fyrir skotæfingasvæðið sem verið er að vinna að uppsetningu á og verða upplýsingar úr henni aðgengilegar á netinu þega þar að kemur fyrir gesti og gangandi.

Þá var það nýmæli á árinu að félagið tók að sér framkvæmd verklegs hluta skotvonaaleyfis fyrir UST sem var mun betur sótt en vonir stóð

Opinn dagur 17. júní.

Ekki var opin dagur 17. júní með hefðbundnu sniði eins og verið hefur um langa hríð þar sem með 2 daga fyrirvara tjáði Lögregustjórinn á norðurlandi vestra að samkvæmt hans “túlkun” á vonalögum væri okkur óheimilt að leyfa öðrum en þeim sem eru með gillt byssuleyfi eða á aldrinum 15-20 ára að æfa viðurkennda skotgrein að handleika byssu á svæðinu, og er svo enn. Embætti LNV er eitt lögregluembætti um þessa nálgum við vopnalög og hefur harðort erindi verið sent á Dómsmálaráðuneyti af Skotsambandi Ísl. til að mótmæla þessari túlkun fyrir okkar hönd það sem þetta skerðir verulega okkar möguleika til að kenna okkar starf og íþrótt.

Framkvæmdir.

Helstu framkvæmdir voru vatnslögnin og tenging hennar en nú er heitt og kallt rennandi vatn í “Saurbæ”, lagfæring á veginum að svæðinu og á heimreið frá hliði að bílastæðinu við félagshúsið, gerð aðstaða til að skjóta liggandi í ríffilbrautinni og lagt gerfigras á hana. Klárað var að klæða veggj á félagshúsi. Fúavörn og málningu var dreift í hæfilegu magni að venju þar sem þurfa þótti. Sáð grasi, dreift áburði og plantað trjám, hellulagt og fl. eflaust er margt að gleymast enda Einar uppbyggingarstjóri og fleiri félagsmenn lúsið á svæðinu.

Önnur verkefni.

Öðrum hefðbundnum verkefnum var sinnt eins og þurfti og hægt var, skotþing STÍ var að venju sem og 1. Maí kaffi ásamt ársþingi USAH Opinn dagur var á svæðinu 17 júní. Skotsvæðið var sem fyrr opið á miðvikudögum í sumar, nýliðaæfingar voru á þriðjudögum en þar réð Guðmann enn sem fyrr ríkjum og á hrós skilið fyrir hvernig að þeim er staðið en Jónbi sá aftur um æfingar í ríffilgreinum, fimmtudagsopnum var svo fyrir keppnisfólk eftir þörfum.

Fulltrúar Markviss sátu námskeiðið “Verndum þau” á vegum Æskulýðsvettvangsins, þar sem þeim er starfa með börnum og unglungum kennt var að greina og bregðast við grun eða vísbendingum um vanrækslu eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, gegn þeim.

Keppnisfólk og þjálfarar Markviss fjölmenntu svo á fyrirlestur með Ásdísi Hjálmsdóttur afrekskonu í íþróttum. “Sterkari Hugur” þar sem aðalefnið var 5 grunnaðferðir í hugarþjálfun íþróttamanna.

Aðalfundur.

Aðalfundur Félagsins var haldinn 19.02.23 á skrifstofu USAH.

ásamt venjubundnum aðalfundarstörfum voru kjörnir í stjórn eftirfarandi.

Formaður: Jón Brynjar Kristjánsson

Gjaldkeri: Guðmann Jónasson

Ritari: Jón Axel Hansson

Meðstjórnendur: Ásgeir Þ. Gústavsson og Haraldur Holti Líndal

Varamenn: Ragnar Sigtryggsson og Einar Stefánsson.

Skoðunarmenn reikninga Sighvatur Steindórsson og Jónas Rúnar Guðmundsson

Mótahald & Keppnisárangur.

Fimm mót voru haldin á svæði félagsins á árinu landsmót STÍ í Nordisk Trapp, Íslandsmót STÍ í NT, BR50 riffilmót ásamt félagsmóti í “grófri” og “sport” skammbyssu og svo Rjúpnafjörið (compak sporting) í byrjun vetrar. Keppnisfólk Markviss skilaði framúrskarandi árangri að venju ma. 7 Íslandsmeistaratitlar auk fjölda annara verðlauna, en nánar um þetta í skýrslu mótanefndar.

Skotíþróttafólk Markviss 2023.

Í haglagreinum hlaut útnefningu Haraldur holti Líndal

Í kúlugreinum var útnefndur Samúel Ingi Jónsson

Tilnefndir til íþróttamanns USAH voru:

Haraldur holti Líndal, Elyass Kristinn Bouanba, Samúel Ingi Jónsson

Hreindýraskotpróf & Verklept skotvopnaleyfi

Árið 2023 þreyttu 10 skyttur 12 hreindýraskotpróf hjá Markviss og sem fyrri ár stóðust allar skyttur próf.

Í byrjun árs var gerður samningur við UST um að Markviss sæi um verklega kennslu til skotvopnaleyfis fyrir UST. 12 einstaklingar víða að af landinu nýttu sér þessa þjónustu okkar en óvíst um framhald þar sem UST hefur sagt upp samningum við RLS um umsjón skotvopnanámskeiða

Fjáröflun og Fjárhagur.

Stærsta innkoman er sem áður styrkur Blönduósbæjar en hann ásamt félagsgjöldunum og lottóinu er grunnur afkomu okkar. Auk annara styrkja, ss. sjóðum UMFÍ og fl. Páskaeggjasala gekk vonum frammar og nokkrir eru áskrifendur af pappírs vörum, og Léttitækni leyfði okkur sem fyrr að njóta góða af sínum afsláttarkjörum og við eigum góða að hjá KS Verslunin Eyri og víðar. Lang stærsti útgjaldaliður ársins var vatnslögnin og vegurinn og eitthvað fór einnig í minni verkefni ss veðurstöð, tækjavinnu, viðhalds og rekstrarvörur ásamt fl. smálegu en annar kostnaður við framkvæmdir var hverfandi og er mest að þakka nokkrum góðum félagsmönnum. Hér er rétt dreypt á málum og nánar farið í þessi mál í ársreikningum félagsins.

Verkefni 2023

Ljóst er að næg verkefni liggja fyrir á komandi ári að venju, að mestu þó að þessu sinni í snirtingu, fegrun og viðhaldi skotæfingasvæðissins og gera umhirðu þess sem þægilegasta. En fánastangir, félagshús, pallur og bílplan eru ma. í skoðun Sáning í jarðvegsframkvæmdir er enn á dagskrá, uppgræðsluverkefnið er á fullum skrið. Í félagsstarfinu er það von okkar að auka þáttöku á nýliðaæfingum, væntanlega verða þrjú “STI” mót haldin lands og Íslandsmót í NordiskTrapp og svo Arctic Coast Open í skeet um Húnavöku, stemt er að “Landskampning” milli Markviss og Eysturskot frá Færeyjum í NT um versló, eins verður Rjúpnafjörið að venju, BR50 mót og félagsmót í sport og grófskambyssu og vonandi eh fleiri mót í riffil/kúlugreinum. Stefnt er að því að fá þjálfarann Paul Gerwyn Morris að venju til okkar á sumri komandi með æfingabúðir og eins að frara með ungliðana okkar í æfingaferðir/búðir á önnur skotsvæði, og jafnvel ætlar keppnisfólk í haglagreinum erlendis til æfinga og keppni. Hér er rétt stiklað á stóru og verður þetta en sem fyrr svolítið spilað eftir eyranu eins og fjárhagur leyfir og vilji manna til mála stendur heitast hverju sinni.

Fh. Stjórnar Markviss.

Jón Kristjánsson Formaður

Ársskýrsla Umhverfisnefndar MAV 2023.

Starf nefndarinnar var með hefðbundnum hætti. Ekki var sótt um styrk í Vorvið að þessu sinni heldur styrkur frá Borealis Data Center að upphæð 200.000 kr látinn duga.

Keyptar voru trjáplöntur fyrir rúm 300.000 af Garðplöntusölunni Borg í Hveragerði líkt og undanfarin ár.

Ekki náðist að ljúka plöntun fyrir fyrstu frost en stefnt er að því að klára snemm sumars. Þó tókst að loka að mestu hringnum umhverfis skotvelli og verður því lokið með þeim trjáplöntum sem til eru, og svo næsti skammtur nýttur til að stækka þau svæði sem nú þegar er búið að planta í.

Gert er ráð fyrir að kaupa svipað magn af trjáplöntum vorið 2024 og undanfarin ár eða um 1000 stk.

Fh. Umhverfisnefndar.

Snjólaug M. Jónsdóttir.

Guðmann Jónasson

Ársskýrsla Mótanefndar MAV 2023.

Skotfélagið Markviss hélt tvö STÍ mót á liðnu ári, landsmót í Norrænu Trappi og Íslandsmót í Norrænu Trappi. Og "Rjúpnafjör" Compak Sporting mót í byrjun vetrar. Fyrstu mótið var haldið í riffilgreininni BR50 og félagsmót í "sport og gróf" skambyssu Öll voru mótinn ágætlega sótt miðað við það sem gerðist og gekk á liðnu ári. Og okkar fólk sigursælt að venju.

Haglafólkið okkar vann allt sem hægt var að vinna í Nordisk Trapp, Unglingalið Markviss í greininni (Haraldur, Elyass og Sigurður) margbættu Íslandsmet liða unglunga sem og Haraldur og Elyass unglunga-met til skiptis. Guðmann Íslandsm. karla og lið Markviss (Guðmann, Jón Axel, Ólafur) Íslandsm. í liða-keppni karla, eins bætti Snjólaug eigið Íslandsmet í NT ásamt Íslandm. titli kvenna og landaði þess utan Íslandsm. titli kvenna í Compak Sporting. Okkar fólk Snjólaug, Guðmann, Elíass og Haraldur brugðu sér svo til Danaveldis og kepptu fyrir Íslands hönd á norðurlandamóti í NT og voru Markviss landi og þjóð til sóma. Auk þess sem flestir yngri sem og reyndari keppendur voru að bæta sinn persónulega besta árangur.

Í riffilgreinum voru Jón B. og Samúel á finni siglingu, Samúel Íslandsmeistari unglunga í BR50 HR flokki og silfur í bæði LR og Sporter að auki sigraði hann ma. BR 50 mót Markviss í HR flokki og vann til samtals 9 verðlauna í 6 mótum. Jónbi náði 3. sæti á Íslandsmótum bæði í BR 50 HR flokki og í Grúppum, 4. á Íslandsm. og 2. á Ak meistaram í VFS, 10 sinnum í verðlaunasæti í það heila. Eins stóð Guðmundur Jökull sig príðilega í þeim PRS mótum sem hann tók þátt í ma. 2. sæti í verksm.flokki.

Í félagsmóti í skambyssu kom sá og sigraði Guðmundur Jökull en Jón Axel og Snjólaug veittu honum harða keppni en enduðu í 2. & 3. sæti en alls voru þáttakendur 9

Þess ber að geta geta að keppnisfólk skotf.Markviss hampaði á árinu samtals 7 Íslandsmeistaratitlum auk annara verðlauna í mótum og um 14% félagsmanna þót þátt í keppni af einhverju tagi, sem hlýtur að teljast gott hjá félagi með rétt um 100 félagsmenn.

Fh. Mótanefndar.

Guðmann Jónasson

Jón B. Kristjánsson